

AUGLÝSING

um friðlýsingu menningarminja.

Skrúður í Dýrafirði.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa Skrúð í Dýrafirði, elsta skrúðgarð landsins (fastanr. 224-9118, landnr. 140992). Garðurinn stendur á landspildu sem er 2.625 fermetrar að flatarmáli (35 x 75 metrar). Um er að ræða skrúðgarð í stíl klassískra garða í Evrópu frá 16. og 17. öld og telst garðurinn einstakt mannvirki á íslenskan mælikvarða. Friðlýsingin tekur til garðsins Skrúðs í heild samkvæmt upphaflegu skipulagi hans, skipan beða og tegundaflóru innan hvers reits auk hlaðinna vegghleðslna umhverfis garðinn og innan marka hans, garðshliðs úr hvalbeini, gosbrunnis og gróðurhúss og annarra sögulegra mannvirkja. Gert er ráð fyrir 100 metra friðhelgu svæði frá útmörkum garðsins, sem lýtur ákvæðum 22. gr. laga um menningarminjar. Útmörk hins friðlýsta skrúðgarðs eru dregin um eftirtalda hnitpunkta:

1. $X = 291963.979 / Y = 611154.601$
2. $X = 291997.639 / Y = 611161.845$
3. $X = 292011.775 / Y = 611089.755$
4. $X = 291977.319 / Y = 611081.371$

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 6. október 2023.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.